

Fundargerð 184. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 8. mars 2017
Fundartími: 13:30 – 16:40
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Stefán Geirsson varamaður Margrétar Jónsdóttur
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Halldór Pálsson undir lið 4

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 127, dags. 02.02.2017

a) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Krúholt 1 – 11: Lóðir fyrir útleiguhús: Deiliskipulag

Lögð fram lýsing deiliskipulagsins sem nær til lóðarinnar Langholt 1 land 2A sem er 10 ha spilda úr landi Langholts 1. Landið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi en skv. lýsingu er gert ráð fyrir að afmarkaðar verði 10 lóðir fyrir allt að 300 fm heilsárshús til útleigu.

Þar sem forsenda deiliskipulagsins er að aðalskipulagi svæðisins verði breytt að þá er afgreiðslu málsins frestað þar til sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um landnotkun svæðisins í aðalskipulagi. Bent er á að ef samþykkt verður að gera ráð fyrir byggingarlóðum á þessu svæði þarf að fjalla með nákvæmari hætti um flóðahættu á svæðinu. Þyrfti t.d. að gera grein fyrir mögulegri flóðahæð og einnig hvort og þá hvernig koma eigi til móts við hættu af flóðum.

Sveitarstjórn leggur til að aðalskipulagi svæðisins sem nær til viðkomandi lóðar verði breytt og það skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Óskað er eftir því að skipulagsfulltrúi grenndarkynni verkefni sérstaklega. Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar hvað varðar ábendingar um flóðahættu og nauðsyn þess að gera grein fyrir mögulegri flóðahæð og hvernig eigi að koma til móts við hættu af flóðum. Bent er á að hitaveita er ekki rekin af Flóahreppi og að hafa þarf samráð við Hitaveitu Hraungerðishrepps varðandi möguleika á hitaveitutengingum en samkvæmt upplýsingum forsvarsmanna hennar er ekki hægt að svo stöddu að lofa afhendingu á heitu vatni fyrir þessa uppbyggingu. Einnig er bent á að setja þarf í skilmálum ákvæði um sorpflokkun í samræmi við reglur sveitarfélagsins þar um. Sveitarstjórn telur æskilegt að rekstraraðilar hafi heimilisfesti í sveitarfélaginu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Traustholtshólmi lnr. 165505: Uppbygging ferðaþjónustu: Deiliskipulag – 1701068

Lögð fram umsókn eiganda Traustholtshólma dags. 24. janúar 2017 þar sem óskað er eftir heimild til gerðs deiliskipulags fyrir svæðið þar sem fyrirhuguð er

uppbygging gistirýma fyrir ferðamenn. Þá liggur jafnframt fyrir tölvupóstur dags. 7. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir að aðalskipulagi svæðisins verði breytt. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er Traustholtshólmi skilgreindur sem óbyggt svæði og er einnig merktur sem hverfisverndarsvæði þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu óheimil.

Þar sem gerð deiliskipulagsins er háð breytingu á aðalskipulagi er afgreiðslu frestað og málinu vísað til sveitarstjórnar. Jafnframt er bent á að áður en farið er í skipulag svæðisins þurfi að tryggja aðkomu að svæðinu í samráði við eigendur þess lands sem aðkoman fer um.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggja umsagnir minjastofnunar, fornleifaverndar, heilbrigðiseftirlits brunavarna, almannavarna og annarra þeirra aðila sem rektraraðilar sækja heimildir til starfsemi til.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Laugardælur: Golfvöllur Selfoss við Svarfhólsvöll: Aðalskipulagsbreyting – 1601028

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi Laugardæla sem er í eigu sveitarfélagsins Árborgar. Breytingin er gerð vegna stækkunar á golfvelli og felst í að íbúðarsvæði merkt Í4 og Í5 og hluti af landbúnaðarsvæði breytist í opið svæði til sérstakra nota. Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt með auglýsingu 25. febrúar 2016 og fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar um hana. Engar aðrar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi Ölfus: Hveradalir, Raufarhólshellir og Innstidalur Umsagnarbeiðni – 1702011

Lagðar fram til kynningar skipulagsáætlanir sem auglýstar hafa verið af sveitarfélaginu Ölfus nýlega og sendar embættinu til kynningar. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem nær yfir land Skíðaskálans í Hveradölum, breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag sem nær yfir land Skíðaskálans í Hveradölum, breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag sem nær til svæðis við Raufarhólshelli og að lokum lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna afþreyingar og ferðamannasvæðis í Innstadal.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við ofangreindar skipulagsáætlanir.

Lagt fram til kynningar.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-47-1701005F dags. 01.02.2017

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2017.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 128, dags. 23.02.2017

a) Hótel og frístundabyggð: Hnaus 2 192333: Mosató: Heiti lóða – 1702021

Nýlega var samþykkt deiliskipulag fjögurra frístundahúsalóða og einnar lóðar fyrir hótél á spildu úr landi Hnaus 2. Nú hefur verið óskað eftir stofnun tveggja lóða og að þær fái heitið Mosató.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðir svæðisins fái heitið Mosató.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Ásahraun lnr. 178801: Gistihús fyrir ferðamenn: Deiliskipulagsbreyting – 1702030

Lögð fram umsókn eigenda Ásahrauns lnr. 178801 sem er rúmlega 1 ha einbýlishúsalóð úr landi Hryggs í Flóahreppi. Óskað er eftir leyfi til að koma fyrir nokkrum smáhýsum á lóðinni til útleigu.

Þar sem eingöngu er um að ræða um 1 ha einbýlishúsalóð telur skipulagsnefnd það ekki samræmast gildandi aðalskipulagi að byggja upp nokkur smáhýsi til útleigu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði en þyrfti að vera merkt sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Sveitarstjórn hafnar erindi eiganda Ásahrauns með 5 atkvæðum.

c) Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur – 1702041

Farið yfir hugmyndir að samræmdum reglum varðandi útleigu á íbúðar- og sumarhúsum.

Í ljósi nýrrar reglugerðar er að mati skipulagsnefndar ekki forsenda til að gefa út starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðar- og sumarhúsum umfram 90 daga þar sem hús á slíkum svæðum hafa til þessa ekki verið samþykkt eða skráð sem atvinnuhúsnæði. Samþykkt að útbúa samræmdar starfsreglur fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins byggt á þessari túlkun.

Lagt fram til kynningar.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-48-1702002F dags. 15.02.2017

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017

3. Erindi frá Braga Ásgeirssyni – Aðalskipulagsbreyting vatnsorkuver

Lagt fram erindi frá Braga Ásgeirssyni þar sem óskað er eftir að smávirkJun í landi Selparts verði færð inn í tillögu til aðalskipulags. Um er að ræða vatnsorkuver, rennslisvirkJun til framleiðslu á allt að 200 kw af rafmagni til heimabruks til þess að styrkja núverandi landbúnaðarstarfsemi m.a. til kornþurrkunar. Í tengslum við virkjunina er ráðgert að reisa 25 fm stöðvarhús. Fyrir liggur deiliskipulag fyrir Selpart frá 2006. Framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar innan lóðamarka þess.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum og vísar breytingunni til Steinsholts sf..

4. 42 er svarið – kynning á verkefni

Halldór Pálsson mætti og kynnti verkefnið“ 42 er svarið“ þar sem unnið er að því að finna staðsetningu fyrir 42 sjálfsala þjónustumiðstöðvar við hringveginn.

5. Erindi frá leigjendum Gömlu Þingborgar

Lagt fram erindi frá núverandi leigjendum Gömlu Þingborgar þar sem óskað er eftir að leigja tvö herbergi í norðausturhluta hússins til viðbótar við það rými sem núverandi samningur er um.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að ganga frá samingum við Ullarvinnsluna og Gallery Flóa um viðbótarrýmið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Umsókn um gistileyfi – Gaulverjaskóli

Lögð fram beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um gistileyfi frá eigendum Gaulverjaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um athugasemdalausar umsagnir frá byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirliti og slökkviliði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Umsókn um launalaust leyfi frá störfum – frá Hallfríði Aðalsteinsdóttur

Lagt fram erindi frá Hallfríði Aðalsteinsdóttur aðstoðarleikskólastjóra á Krakkaborg þar sem óskað er eftir launalausum leyfi til þess að sækja framhaldsnám, starfsárið 2017 – 2018. Meðfylgjandi eru umsagnir leikskólastjóra og fræðslunefndar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Ísorku varðandi rafhleðslustöðvar

Lagt fram erindi frá Ísorku þar sem boðinn er þjónustusamningur vegna tengingar á rafhleðslustöð.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Fulltrúar í Ungmennaráð Flóahrepps

Lögð er fram tillaga æskulýðs- og tómstundanevndar um fulltrúa í ungmennaráð Flóahrepps. Fulltrúar ungmennaráðs munu starfa með æskulýðs- og tómstundarnefnd Flóahrepps.

Eftirtaldir eru tilnefndir:

Aðalmenn:

Hólmar Höskuldsson Stóra Ármóti

Agnes Björg Birgisdóttir Langholti 1b

Varamenn:

Birgitta Kristín Bjarnadóttir Túni

Brynjar Jón Brynjarsson Hófgerði

Gerð er tillaga um að tilnefnt verði í ungmennaráðið á tveggja ára fresti.

Sveitarstjórn samþykkir tilnefninguna og fyrirkomulagið með 5 atkvæðum.

Einnig lögð fram tillaga æskulýðs- og tómstundanevndar að verkefnum hjá æskulýðs- og tómstundanevnd ásamt hugmynd æskulýðs- og tómstundanevndar um opnun á ungmennahúsi 8 sinnum á ári í tengslum við starf félagsmiðstöðvarinnar Zone.

Sveitarstjórn óskar eftir fundi með nýskipuðu ungmennaráði til þess að fara yfir hugmyndir þeirra að verkefnum.

Sveitarstjóra falið að kostnaðarmeta verkefnið og leggja fram við gerð viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2017.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Ungmennaráð Suðurlands – umsögn um erindisbréf og tilnefning á ungmennum frá Flóahreppi.

Lagt fram erindi frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um drög að erindisbréfi Ungmennaráðs Suðurlands.

Einnig er óskað eftir tilnefningu Flóahrepps í Ungmennaráð Suðurlands einn aðalmaður og einn varamaður.

Sveitarstjórn vísar báðum erindunum til nýstofnaðs ungmennaráðs Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum

11. Erindi frá Lilju Maríu Gísladóttur

Lagt fram erindi frá Lilju Maríu Gísladóttur, dagsett 28.02.2017 þar sem lýst er yfir óánægju yfir einhliða áformum sveitarstjórnar um sölu á félagsheimilinu Félagslundu í Flóahreppi. Erindið var sent inn til Flóahrepps ásamt meðfylgjandi 5 síðum af undirskriftum íbúa í Flóahreppi dags. 22.02.2017 – 23.02.2017 þar sem mótmælt er ákvörðun sveitarstjórnar Flóahrepps að selja Félagsheimilið Félagslundu ásamt fleiri athugasemdum.

Fram þarf að koma að erindið var sent inn sem formáli að undirskriftarlista 76 íbúa sem aldrei sáu þetta erindi.

Sveitarstjórn vill taka fram að uppsögn leigusamnings Brandshúsa 4 og 5 fór fram með lögformlegum hætti. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um sölu á Félagslundu heldur hefur málið verið til skoðunar og beðið er eftir svörum frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps varðandi afstöðu félagsins til erindisins Flóahrepps varðandi hugsanlega sölu.

Að öðru leyti er erindið lagt fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Undirskriftarlisti frá íbúum í Flóahreppi, mótmælt hugsanlegri sölu Félagslunda Stefán Geirsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lagður fram undirskriftarlisti frá 76 íbúum ásamt tölvupósti frá einum íbúa sama efnis í Flóahreppi þar sem þeir mótmæla þeirri ákvörðun sveitarstjórnar Flóahrepps að selja Félagslund.

Ákvörðun um sölu á húsinu hefur ekki verið tekin. Beðið er viðbragða frá meðeigendum sveitarfélagsins að Félagslund. Fallið verður frá þeirri ákvörðun að loka á bókanir að svo stöddu máli.

Ákveðið að eftir afgreiðslu ársreiknings ársins 2016 verður boðað til opins íbúafundar þar sem farið verður yfir fjárhag sveitarfélagsins. Tekið skal fram að aldrei hefur staðið til af hálfu sveitarstjórnar að selja húsið án samráðs við íbúa Flóahrepps.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

13. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

14. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 183, dags. 08.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 98 dags. 21.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 17.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **Meningarnefndar Flóahrepps nr. 1, dags. 01.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Meningarnefndar Flóahrepps nr. 2, dags. 23.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 177, dags. 03.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Sass nr. 516, dags. 03.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 846, dags. 27.01.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Efni til kynningar:

- a) **Erindi til Skipulagsfulltrúa vegna samkomulags um aðgengi að Traustholtshólma**
- b) **Erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra – mótmæli Flóahrepps vegna umræðu um vegatolla á helstu vegum að/frá höfuðborginni**
- c) **Kynning á þjónustu Thorp. Consulting - stefnumótun í ferðaþjónustu**
- d) **Minnispunktur fundar með þingmönnum Suðurkjördæmis í Þingborg 14.02.2017**
- e) **Fyrirmynd að samningi um afritun verndaðra verka**
- f) **Frá Viðlagatryggingu – Náttúruhamfaratrygging opinberra mannvirkja**
- g) **Ársskýrsla Ungmennafélagsins Þjótanda 2016**
- h) **Frá forsætisráðuneytinu – kynningarfundur um málefni þjóðlendna**

16. Önnur mál:

- a) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 12. apríl klukkan 13:30

Árni Eiríksson (sign) Stefán Geirsson (sign) Svanhvít Hermannsdóttir (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign) Sigurbára Rúnarsdóttir (sign) Eydís P. Indriðadóttir (sign)